

## Úrskurður nr. 5/2005.

**Kærð er tollflokkun tollstjóra á DVD-Kids leiktæki og fylgihlutum sem birt var í “Bindandi upplýsingum um tollflokkun vöru” nr. 0500002 og 0500003. Kærandi krefst þess að tækið ásamt fylgihlutum verði flokkað í vörulið 9503. Ríkistollanefnd féllst á kröfu kæranda og felldi álitin úr gildi.**

Með bréfi, dags. 17. mars 2005 s.l. kærir L, f.h. P. niðurstöðu um tollflokkun sem sett var fram í “bindandi upplýsingar um tollflokkun vöru”, númer 0500002 og númer 0500003, dags. 18. janúar 2005. Kærandi óskaði eftir lengri fresti til að koma fullbúinni kröfugerð fyrir nefndina og var hann veittur til 1. apríl. Í nefndum álitum ákvarðar tollstjóri að tollflokka beri DVD-Kids leiktæki og fylgihluti því ætlaða í tnr. 8543.8901. Kærandi krefst þess að tækið ásamt fylgihlutum verði flokkað í tnr. 9503.9032. Til vara krefst hann þess að tækið verði tollflokkað sem leikfang í einhvern vörulið í 95. kafla tollskrár.

Í kæru umboðsmanns kæranda segir m.a. að umbjóðandi hans hafi leitað til tollstjóra síðla árs 2004 og óskað eftir bindandi upplýsingum um tollflokkun DVD-Kids leiktækisins ásamt tollflokkun plastboxa og spjalda fyrir leiki með DVD-Kids leiktækinu. Samkvæmt bindandi flokkun tollstjóra, dags. 18. janúar 2005, nr. 500003 sé DVD-Kids leiktækið flokkað í tollflokki 8543.8901 og samkvæmt ákvörðun sama dag nr. 500002 voru spjöld með leiktækinu flokkuð í tollflokki 8543.9001.

Kærandi segir að í fyrsta lagi sé DVD-Kids leiktækið leikfang með innrauðum geisla, sem notað er til að stýra dvd-spilurum þannig að leika megi á þá gagnvirka leiki. Á tækinu séu svæði (1-9) sem hægt sé að þrýsta á þannig að þau gefi frá sér merki á sambærilegan hátt við það sem gerist þegar þrýst er á takka á fjarstýringu DVD-spilarans. Auk þess séu sérstakir takkar fyrir „play” og „pause”. Til að leika gagnvirkan leik með tækinu sé settur dvd-diskur í dvd-spilarann og spjöld felld yfir áður nefnd svæði. Á spjöldunum sé plaststykki með segli og myndir sem falli yfir svæðin (1-9) og vísi til mynda sem birtist á sjónvarpsskjánum. Þrýst sé á þessar myndir skv. leiðbeiningum í leiknum til að hafa áhrif á framvindu hans. Á tækinu séu sex skynjarar sem nemi hvaða spjald sé sett í tækið þegar plaststykkið falli yfir þá. Tækið er framleitt úr plasti, í því er innrauður sendir og minniskubbur með kóðum fyrir mismunandi gerðir dvd-fjarstýringa. Tækið er knúið með rafhlöðum.

Í öðru lagi sé um að ræða plastbox með áprentuðum myndaspjöldum með segli fyrir leiki með DVD-Kids leiktækinu. Hver leikur samanstandi af þessum myndaspjöldum sem felld séu inn í tækið og DVD-diski. Ekki hafi verið farið fram á bindandi upplýsingar um tollflokkun á DVD-disknum hjá íslenskum tollyfirvöldum til þessa en bent á að diskarnir hafi verið flokkaðir í tollflokki 8524.3920 í ESB.

Kærandi krefst þess að DVD-Kids leiktækið verði tollflokkað sem leikfang í tnr. 9503.9032. Þá er þess enn fremur krafist að plastbox með spjöldum fyrir leiki með DVD-Kids flokkist ásamt tækinu í tnr. 9503.9032. Til vara er þess krafist að DVD-Kids leiktækið verði tollflokkað sem leikfang undir öðrum vörulið 95. kafla tollskrárinnar.

Kærandi vísar til þess að umboðsaðili 3-plus hf. í Frakklandi, Groupe Berchet, Cours de Verdun, 01102 OYONNAX, hafi fengið bindandi ákvörðun um tollflokkun fyrir allt Evrópusambandið frá frönskum tollyfirvöldum í samræmi við 12. gr. reglugerðar ráðherraráðsins nr. 2913/92 fyrir DVD-Kids leiktækið ásamt meðfylgjandi plastboxi með spjöldum. Um sömu vörur var að ræða og fjallað er um í hinum kærðu álitum tollstjóra nr. 500002 og nr. 500003. Niðurstaða franskra tollyfirvalda var að flokka bæri vöruna í heild sinni í tnr. 9503.9032. Sú ákvörðun sé bindandi fyrir öll Evrópusambandsríkin og hefur tollflokkunin nú verið skráð í gagnagrunn Evrópusambandsins um tollflokkun. DVD-Kids leiktækið sé flokkað með leikföngum innan ESB sem sé í samræmi við eðli og notkun tækisins. Þá segir í kærinni að í skýringum við tollskrá (e. *Explanatory Notes*) við kafla 95.03 tollskrár segi að fyrirsögn kafla 95.03 nái til allra leikfanga sem kaflar 95.01 og 95.02 nái ekki til. Mörg þessara leikfanga séu vél- eða rafrænt knúin (e. mechanically or electrically operated) en DVD-Kids leiktækið sé einmitt knúð áfram af rafhlöðum og falli því vel að þessari lýsingu.

Í íslensku tollskránni sé ekki að finna nákvæmlega þetta sama númer en fyrirsögn kaflans með vörulið sem byrja á 9503 segi „*Önnur leikföng; smækkuð líkön (í stærðarhlutföllum) og áþekk tótmundalíkön, einnig gangfær; hvers konar þrautir.*”

Millifyrirsögn þess liðar sem sé á undan vöruliðum sem byrja á 9503.9001 er „Annað” sem vísi til þess að leikföng og líkön sem ekki hafi flokkast í aðra vöruliði sem byrja á 9503 skuli flokkast í tollskrárnúmer sem eru þar á eftir. Túlkunarregla 1 með tollskránni kveði á um að fyrirsagnir á flokkum, köflum og undirköflum séu til leiðbeiningar og því er eðlilegt að líta til þeirra í upphafi flokkunar ferilsins. Miðað við notkun tækisins og lýsingu vöruliða sé ljóst að tækið á heima í þessum kafla tollskrárinnar.

Þá segir að umbjóðanda kæranda hafi verið ókunnugt um að þessi bindandi álit um tollflokkun í Evrópusambandinu lægju fyrir þegar óskað var eftir bindandi upplýsingum um tollflokkun vörunnar hjá íslenskum tollyfirvöldum. Þó að íslensk tollyfirvöld séu ekki bundin af tollflokkun Evrópusambandsins telur kærandi sterk rök hníga að því að varan sé flokkuð með sambærilegum hætti hér á landi. Með því að Ísland gerðist aðili að alþjóðlegum samningi um samræmda vörulýsingar- og vöruheitaskrá, þ.e. samræmda tollskrá, sbr. auglýsingu nr. 25/1987 í C-deild Stjórnartíðinda, sé ljóst að stefnt sé að því að samræma tollflokkun eins og mögulegt sé. Evrópusambandslöndin eru einmitt stór hluti aðildarríkja þessa samnings og því hljóti tollflokkun sambandsins að hafa veigamikla þýðingu.

Þá vísar kærandi til þeirra sjónarmiða sem fram koma í úrskurði ríkistollanefndar nr. 12/2002 varðandi tollflokkun á Playstation 2 leikjatölvum. Í forsendum úrskurðarins komi fram að Playstation 2 hafi verið auglýst, markaðssett, innflutt og kynnt til sölu sem leikjatölva. Aðalvirgni tækisins sé að spila leiki og þar af leiðandi sé því vísað frá flokki XVI. með vísan til athugasemdar 1 (p) sem kveður á um að flokkurinn nái ekki til vara í 95. kafla, þ.e. leikfanga og leiktækja. Ljóst sé að sömu rök eigi við í þessu máli. Aðalvirgni DVD-Kids leiktækisins sé að spila leiki. Tækið sé auglýst sem leiktæki og sé sérstaklega ætlað börnum 3 ára og eldri. Það virðist því vafalaust að tækið beri að flokka sem leikfang en ekki sem heimilstæki.

Kæran var send tollstjóranum í Reykjavík til umsagnar skv. 4. mgr. tollalaga nr. 55/1987 með bréfi, dags. 6. apríl 2005. Í svari sem barst nefndinni þann 9. maí 2005 segir m.a. að DVD-Kids leiktækið sé lítið rafdrifið tæki með rafhlöðum sem ásamt með geisladiski, DVD spilara og sjónvarpstæki sé notað til þess að læra eða leika með gagnvirkum hætti á skjá sjónvarpsins. Leiknum eða lærdómnum, sem geymdur er á geisladiski, sé stjórnað í gegnum DVD spilara með innrauðum sendingum frá tækinu sem virki á svipaðan hátt og fjarstýring. Með því að þrýsta á eitt af níu svæðum á tækinu sem virka við þrýsting eða einn tveggja hnappa sem þar eru hefur notandinn áhrif á framvindu leiksins. Í tækinu séu að auki skynjarar sem skynja hvaða spjald sé sett í hann og minnskubbur með kóðun til að hægt sé að samstillja það við þann DVD spilara sem nota á.

Þá segir í greinargerð tollstjóra að réttilega sé bent á í kærinni að Ísland sé auk Evrópusambandsins og fleiri landa aðili að alþjóðlegum samningi um samræmda vörulýsingar- og vöruheitaskrá, samræmda tollskrá. Sömu grundvallarreglur um flokkun vöru gildi því hér á landi, í Evrópusambandinu og öðrum þeim löndum sem aðilar eru að samningnum. Alþjóðatollastofnunin (World Customs Organization (WCO)) hefur umsjón með samningnum og framkvæmd hans og hefur í því skyni m.a. gefið út skýringarbækur um túlkun hans (Explanatory Notes). Samningurinn um samræmdu tollskrána var undirritaður fyrir Íslands hönd hinn 10. janúar 1985, sbr. auglýsingu nr. 25/1987 í C-deild Stjórnartíðinda. Með lögum nr. 96/1987, um breyting á tollalögum nr. 55/1987, voru tollflokkunarreglur samræmdu skrárinnar teknar í notkun hér á landi við tollafgreiðslu á vörum 1. janúar 1988, en tollskráin og túlkunarreglur hennar er birt sem viðauki I við löggin.

Við flokkun vöru í tollskrá ber að fara eftir túlkunarreglum hennar, sem birtar eru fremst í henni, og þá fyrst og fremst þeirri fyrstu sem hljóðar svo: „Fyrirsagnir á flokkum, köflum og undirköflum eru einungis til leiðbeiningar. Í lagalegu tilliti skal tollflokkun byggð á orðalagi vöruliða, athugasemda við tilheyrandi flokka og kafla og brjóti það ekki í bága við orðalag vöruliða eða athugasemda skal fylgt eftirfarandi reglum:”.

Þegar kemur að flokkun vöru í undirliði, kemur til kasta 6. túlkunarreglunnar sem hljóðar svo: „Í lagalegu tilliti skal flokkun vara í undirliði einstakra vöruliða byggð á orðalagi undirliðanna og sérhverri tilheyrandi athugasemda við undirliði og, að breyttu breytanda, framangreindum reglum, með því fororði að aðeins jafnsettir undirliðir verða bornir saman. Viðkomandi athugasemdir við flokka og kafla gilda einnig með tilliti til þessarar reglu, nema annað leiði af orðalagi.”

Ágreiningurinn sé um flokkun vörunnar í vöruliði tollskrár. Annars vegar haldi tollstjóri því fram að umrætt tæki flokkist sem innrauð fjarstýring í vörulið 8543 og plastbox með segulspöldum sem hluta til hennar í sama vörulið. Hins vegar heldur kærandi því fram að tækið beri að flokka sem leiktæki í vörulið 9503 og plastbox með segulspöldum sem hlutar til þess í þann sama vörulið.

Eins og að ofan greinir skal, skv. 1. almennu túlkunarreglu tollskrár, tollflokkun fyrst og fremst byggð á orðalagi vöruliða og athugasemda við tilheyrandi flokka og kafla. Þeir vöruliðir sem hér er ágreiningur um hljóða svo:

**8543 Rafmagnsvélar og -tækjabúnaður, til sérstakra nota, ót.a. í þessum kafla:**

**9503 Önnur leikföng; smækkuð líkön (í stærðarhlutföllum) og áþekk tómsundalíkön, einnig gangfær; hvers konar þrautir:**

Jafnframt hefur verið bent á úrskurð ríkistollanefndar nr. 12/2002 þar sem leikjatölva var flokkuð í vörulið 9504 og getur hann því einnig komið til álita við flokkun á þessari vöru. Vöruliður 9504 orðast svo:

**9504 Hlutir til samkvæmisleikja, borð- eða spilastofuleiktæki, þar með talin pinnaborð, biljarðborð, sérstök borð fyrir fjárhættuspil og sjálfvirkur búnaður fyrir keilubrautir:**

Samkvæmt fyrstu almennu túlkunarreglu tollskrár verður einnig að líta til athugasemda við tilheyrandi flokka og kafla og þá, eins og kærandi bendir réttilega á, frávísunarathugasemd 1. p við XVI. flokk sem kveður á um að til þess flokks (84. og 85. kafli) teljist ekki vörur í 95. kafla. Nánari skýringu við þetta atriði sé að finna í almennum skýringum við flokkinn í skýringarriti Alþjóðatollastofnunarinnar. Þar sé tiltekið, í athugasemd (I) (A) (h) við flokkinn, að vísað er frá flokknum vélum og tækjum sem hafi einkenni leikfanga, leikspila og íþróttabúnaðar og tilheyrandi hlutum og fylgihlutum sem einungis eða aðallega séu nothæfir með leikföngum, leikspilum og íþróttabúnaði (95. kafli).

Athugasemd 3 við 95. kafla tiltekur að „leiði ekki annað af 1. athugasemd ... skulu hlutar og fylgihlutir sem einungis eða aðallega eru nothæfir við vörur í þessum kafla flokkast með þeim vörum.“

Við vörulið 8543 í skýringarriti Alþjóðatollastofnunarinnar er að finna upptalningu í nokkrum liðum um hvað flokkast í þann vörulið. Liður (18) tiltekur þráðlausan innrauðan búnað til fjarstýringar á sjónvörpum, myndupptökutækjum eða öðrum raftækjum.

Athugasemd 1. p við XVI. flokk vísar frá flokknum vörum sem flokkast í 95. kafla, þar með talið leikföngum og leiktækjum. Í skýringarbókum Alþjóðatollastofnunarinnar er þetta skýrt nánar sem vélar og tæki sem hafi einkenni leikfanga, leikspila eða íþróttabúnaðar en þó ekki tiltekin tæki sem vísað er frá 95. kafla með athugasemd 1. m við þann kafla, t.d. radíófjarstýribúnaður í nr. 8526.

Tæki þetta ber einkenni leiktækis og þó svo að það vinni á sama hátt og þráðlaus innrauður búnaður til fjarstýringar á DVD spilara verður að telja að fyrrgreind athugasemd 1. p við XVI. flokk vísi því þar með frá 85. kafla enda falli það ekki undir þann búnað sem vísað er frá 95. kafla með athugasemd 1. m við þann kafla. Að sama skapi verði að telja plastbox með segulspjöldum fylgihluti sem eingöngu eru nothæf með þessu tæki.

Þá segir í greinargerð tollstjóra að frönsk töllyfirvöld hafi ákvarðað tollflokkun tækisins í tnr. 9503.9032. Þetta tollskrárnúmer sé ekki til í íslensku tollskránni enda kveði alþjóðasamningurinn einungis á um samræmingu fyrstu 6 tölustafa tollskrárnúmersins. Samkvæmt því ætti íslenskt tnr. tækisins að byrja á 9503.90. Vöruliður 9503 tekur til leikfanga, smækkaðra líkana og hvers konar þrauta en vöruliður 9504 tekur til m.a. borð- eða spilastofuleiktækja, á ensku **table or parlour games**. Enska orðabók Webster's skýrir orðið parlour sem setustofa, og parlour games sem leikir sem venjulega eru leiknir inni einkanlega í stofunni eins og orðaleikir eða gátur sem ekki þurfi mikið líkamlegt athæfi. Tollstjóri er þeirrar skoðunar að tæki það sem hér um ræðir sé betur lýst sem slíku leiktæki í vörulið 9504 heldur en leikfangi í vörulið 9503. Þá bendir hann einnig á skýringu (2) við vörulið 9504 í skýringarriti Alþjóðatollastofnunarinnar sem tiltaki m.a. rafmyndaleiktæki (video games) sem notuð séu við sjónvarpsviðtæki. Tollstjóri telur ekki skipta máli í þessu sambandi að nota verði DVD spilara með tækinu til þess að hægt sé að nota það við sjónvarp.

Með vísan til þess er að ofan greinir fellst tollstjóri á röksemdir kæranda þó með þeirri breytingu að DVD-Kids leiktækið flokkist í tollskrárnúmer 9504.1000 á grundvelli 1. og 6. almennu túlkunarreglu tollskrár, sbr. athugasemd 1. p við XVI. flokk, og plastbox með segulspjöldum fyrir DVD-Kids leiktæki flokkist í sama númer á grundvelli 1. og 6. almennu túlkunarreglu tollskrár, sbr. athugasemd 3 við 95. kafla.

Ríkisstollanefnd hefur fundað um málið og farið yfir þau gögn sem málsaðilar hafa lagt fram og aflað sjálfstætt upplýsinga. Deilt er um tollflokkun á DVD-kids leiktæki ásamt boxum og spjöldum sem fylgja því. Tollstjóri ákvarðar tollflokkun tækisins og fylgihluta í tnr. 8543.9001. Kærandi gerir kröfu um að tækið verði flokkað í tollflokk 9503.9032 en það er sá tollflokkur sem frönsk töllyfirvöld flokka tækið í. Til vara krefst kærandi þess að tækið verði flokkað í einhvern vörulið í 95 kafla tollskrár.

Tæki það sem hér er deilt um flokkun á er samkvæmt lýsingu rafhlöðudrifið leiktæki aðallega úr plasti. Tækið er búið innrauðum sendi og hugbúnaði sem samhæfður er hinum ýmsu gerðum fjarstýringa fyrir ýmsar gerðir DVD spilara. Tækið er þannig uppbyggt að í það er fellt sérstakt spjald sem fylgir hverjum leik á DVD disknum. Spjaldið er fellt í skorður á tækinu þannig að sérstök svæði á spjaldinu falla að réttum svæðum í tækinu. Við upphaf notkunar tækisins við hverja gerð DVD spilara er tækið samstillt DVD spilaranum. Það er gert með því að setja inn svokallað stillingarspjald sem fylgir tækinu og sleginn inn kóði sem passar við þá tegund DVD spilara samkvæmt lista. Á spjaldinu sem fylgir hverjum leik eru myndir á hverju svæði sem falla að viðkomandi leik á DVD disknum. Að auki eru sérstök svæði fyrir "Play" og "Pause". Þrýst er á þessar myndir skv. leiðbeiningum í leiknum til að hafa áhrif á framvindu leiksins. Á tækinu eru sex skynjarar sem nema hvaða spjald er sett í tækið þegar spjaldið er fellt í tækið og tilgreinir þannig hvaða DVD diskur er í DVD spilaranum þannig að DVD leikurinn passi við tækið.

Nefndarmenn eru sammála um að aðalvirkni DVD-Kids tækisins er að spila leiki. Tækið er markaðsett sem leiktæki og fylgihlutir sem deilt er um flokkun á verða ekki notaðir nema í beinum tengslum við tækið.

Í greinargerð tollstjórans í Reykjavík er fallist á varakröfu kæranda og tækið og fylgihlutir í það flokkaðir í tnr. 9504.1000. Nefndarmenn eru sammála þessari breyttu flokkun tollstjóra og þeim rökstuðningi sem hún byggir á. Nefndarmenn telja að flokkun tækisins í tnr. 8543.8901 eins og gert var í hinum kærðu álitum sé ekki rétt með vísan til athugasemdar 1. p. við XVI. flokk tollskrár en þar segir að til flokksins teljist ekki vörur í 95. kafla, það er leikföng og leiktæki.

Með vísan til 101. gr. tollalaga nr. 55/1987 með síðari breytingum, og til almennra reglna um túlkun tollskrár, liðar 1 og 6, úrskurðar ríkisstollanefnd að DVD-Kids leiktæki ásamt boxum og spjöldum ætluðum í það flokkist í tnr. 9504.1000. Ákvarðanir sem settar voru fram um tollflokkun þessara vara í „Bindandi upplýsingum um tollflokkun vöru“ nr. 0500003 og 0500002, bæði dagsett 18. janúar 2005, eru felldar úr gildi.

